



**Fréttabréf  
forseta í  
desember  
2017**

Kæru DKG konur

Aðventan er nú langt komin og fólk í óða önn við að undirbúa hátíðarhöld með öllum mögulegum tilbrigðum. Þetta síðasta fréttabréf ársins verður að mestu lagt undir umfjöllun um undirbúning Evrópuráðstefnunnar 2019. Nú eru hjólin aðeins farin að snúast og skipulagið farið að taka á sig einhverja mynd. Phyllis Hickey fulltrúi alþjóðasamtakanna heimsótti okkur í lok nóvember. Tilgangur heimsóknarinnar var að skoða þau hótél sem undirbúningshópur taldi koma til greina vegna ráðstefnunnar. Þær Guðný Helgadóttir og Ingibjörg Jónasdóttir fóru með Phyllis í þessa ferð. Höfuðstöðvarnar sjá um samningagerð við hótelið og Phyllis er byrjuð að vinna að samningum við Hótel Natura sem væntanlega mun hýsa ráðstefnuna. Meðan hún stóð við reyndum við að gera sitthvað henni til dægurstyttingar og fór hún meðal annars með Ingibjörgu Elsu á inntökufund hjá Lambdageild og fannst henni mikið til þess koma. Hún fór svo í matarboð og á veitingastað með hinum ýmsu DKG konum sem boðist höfðu til að gera dvöl hennar sem ánægjulegasta.



### **Frumvörp sem tengjast menntamálum**

Eitt af markmiðum DKG er að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahags- og menntamálum hverju sinni. Við höfum til þessa ekki rætt mikið um efnahagsmál en menntamálin eru okkur að sjálfsgöðu hugleikin. Á dögunum hafði ég samband við nefndasvið alþingis og bað um að félagið yrði sett á lista yfir þá sem fá frumvörp til laga um menntamál send til umsagnar. Svar hefur borist og nú er netfangið [jona.dkg@gmail.com](mailto:jona.dkg@gmail.com) á þessum lista. Von okkar er sú að það geri okkur auðveldara fyrir að fylgjast með lagafrumvörpum sem varða menntamál og gera athugasemdir við þau ef við teljum það nauðsynlegt. Fréttir af þessu munu birtast á heimasíðunni.

### **Vorþingið**

Ég minni ykkur á að taka til umræðu á deildarfundum hugsanlega þátttöku á vorþingi á Egilsstöðum þann 5. maí. Zeta deildin vinnur að undirbúningi þingsins ásamt menntamálanefnd. Þema þingsins að þessu sinni er: Sköpun, gróska og gleði. Fyrirlesarar eiga það sameiginlegt að vera forkólfar á sviði sköpunar og hafa sýnt frumkvæði í störfum sínum víða um Austurland. Hægt er að óska eftir fulltrúa frá alþjóðasamtökunum á þingið og gerðum við það á þar til gerðu eyðublaði. Svar barst nú í byrjun mánaðar og það verður engin önnur en Carolyn Pittman, alþjóðaforseti sem mun verða gestur okkar. Ég vona að sem flestar konur í samtökunum sjái sér fært að mæta og eiga skemmtilegar stundir saman um leið og við fræðumst um það helsta sem konur á Austfjörðum eru að gera. Fjölmargir gistimöguleikar eru kynntir á vefnum okkar.



## Undirbúningur Evrópuráðstefnu

Stýrihópurinn hefur rætt talsvert um tillögur að nefndaskipan og vel má hugsa sér að fara að hefja starf í sumum nefndanna þó að við höfum ekki enn fengið uppgefið þema fyrir ráðstefnuna. Nokkuð ljóst er að eftirtaldar fimm nefndir munu starfa og búið er að finna konur til að taka að sér formennsku í þeim. Þar sem við vitum að í félaginu okkar er mikið af duglegum og framkvæmdasömum konum langar okkur núna að óska eftir sjálfboðaliðum til að vinna í þessum nefndum og munum að margar hendur vinna létt verk eins og sagt er.

### Dagskrárnefnd, formaður Guðný Helgadóttir, Gammadeild

Hlutverk dagskrárnefndar er að vinna tillögu að efni ráðstefnunnar á grundvelli fyriræla alþjóðasamtakanna, uppbyggingu dagskrárinnar í „general session“, fræðslufundi og innskot, semja við fyrirlesara, hanna og ganga frá dagskrá. Nefndin skilar lokaskýrslu um inntak og framgang ráðstefnunnar. Nefndin sæi líka um undirbúning og framkvæmd á forráðstefnu ef ákveðið verður að hafa slíka.



### Skráningar- og gestgjafanefnd, formaður Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Kappadeild

Hlutverk skráningar- og gestgjafanefndar er að sjá um skráningarblað á heimasíðu, samskipti við þátttakendur um skráningu, gerð þátttökulista, gerð nafnspjalda og aðgöngumiða, gerð ráðstefnutösku og öflun gagna í hana og afhendingu skráningargagna í upphafi ráðstefnunnar. Þá sér nefndin um að fá hóp félagskvenna til að vera gestgjafa. Hlutverk þeirra er að taka á móti þátttakendum og vera við allar samkomur á ráðstefnunni til að veita upplýsingar. Þeir verði gestgjafar á borðum í lokakvöldverði. Gestgjafar hafa umsjón með kaffihléum og leiðbeina á fræðslufundum. Þeir eru líka tengiliðir við maka þátttakenda. Nefndin skilar lokaskýrslu um þátttöku til alþjóðaskrifstofunnar.

### Viðburðanefnd, formaður Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um umgerð ráðstefnunnar þ.e. útlit aðalsalar með blómaskreytingum, kertum, fánum (m.a. að útvega fánastand), útbúa skilti og merkingar á fundarsölum, skipuleggja opnun ráðstefnunnar (fánaþyllum o.fl.), „night on the town“ fyrra kvöldið ef af verður svo og lokakvöldverð 26. júlí. Nefndin geri tillögu um tónlistar- og skemmtiatriði á sjálfri ráðstefnunni og kvölddagskrám. Einnig sér nefndin um að skipuleggja rýmið fyrir utan ráðstefnusalinn m.a. fyrir sölubása.



Þá komi í hlut nefndarinnar að veita upplýsingar um ferðamöguleika í tengslum við ráðstefnuna. Nefndin skilar skýrslu um framkvæmdina til alþjóðaskrifstofunnar.


### Fjölmiðla- og kynningarnefnd, formaður Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild

Nefndin sjái um gerð heimasíðu og fésbókarsíðu í samvinnu við vefstjóra, sér um að setja efni inn og halda þessum síðum gangandi. Hún sjái um kynningu á ráðstefnunni í fjölmiðlum og öðrum málögnum og annast myndatökur á ráðstefnunni. Einnig sér nefndin um upplýsingaflæði á sjálfri ráðstefnunni. Nefndin skilar skýrslu um framkvæmdina til alþjóðaskrifstofunnar.

### Fjárhagshópur, formaður Jensína Valdimarsdóttir, Deltadeild

Hlutverk hópsins er að gera fjárhagsáætlun í samvinnu við stýrihóp, framfylgja þeirri áætlun og sjá um öll fjármál ráðstefnunnar. Einnig að standa fyrir fjáröflun eftir því sem hægt er. Hópurinn sér um lokauppgjör að ráðstefnu lokinni og skilar skýrslu til alþjóðaskrifstofunnar.

**Von okkar er sú að konur í deildunum sjái þetta sem tækifæri til að eflast í starfi DKG og bjóðist til þátttöku. Þetta verður bara gaman. Áhugasamar mega gjarnan senda póst á [jona.dkg@gmail.com](mailto:jona.dkg@gmail.com).**



### Uppstillingarnefndir

Í vor á skipta um stjórnir deilda. Í lögum félagsins segir „ Deildir kjósa sér formann og stjórn á aðalfundi á tveggja ára fresti þegar ártalið er slétt tala. Hlutverk stjórnarinnar er að sjá um starfsemi deildarinnar og leiða starfið frá mánuði til mánaðar. Með stjórninni starfar gjaldkeri til að sjá um fjármál deildarinnar”. Það styttist í kosningar og ég hvet ykkur til að skipa uppstillingarnefndir til að undirbúa þær. Einnig er mikilvægt að minna konur í deildunum á að þessum störfum verðum við að skipta á milli okkar og í fremur fámennum félögum eins og deildirnar eru munu allar konur einhvern tímann þurfa að taka að sér stjórnarstörf.



### Þekkingarforðinn

Ég minni aftur á flipann á síðunni okkar „Þekkingarforðinn“ <https://www.dkg.is/is/thekkingarfordinn>

Þetta verður ekki að veruleika nema með þátttöku ykkar. Það er kjörið tækifæri að nota hluta af deildarfundum til að búa til lista yfir umfjöllunarefni sem konur í deildunum eru tilbúnar að vera með hvort sem er á ráðstefnum, deildarfundum eða öðrum viðburðum.



Ég minni ykkur, ágætu formenn líka á að senda okkur upplýsingar um það þegar konur í ykkar deildum senda frá sér efni til birtingar eða vinna önnur þau verk sem fréttæm geta talist á þessum vettvangi. Það er eitt af markmiðum okkar að hvetja konur til áhrifa og það gerum við meðal annars með því að vekja athygli á vinnu þeirra.

Að lokum óska ég ykkur gleðilegrar hátíðar og vonast eftir góðu samstarfi við ykkur allar á komandi vetri.

Bestu kveðjur að vestan

Jóna